



Fjölbrautaskóli Suðurlands

**Kvöldskóli**  
**TRÉSÍVÁ05**  
Kennsluáætlun – vor 2021

**Kennari/ar:** Óskar G. Jónsson

**Skammstöfun:** ÓGJ

**Áfangalýsing:**

Í þessum byrjunaráfanga byggingatækni er fræðilegur grunnur byrjunaráfanganna í tréiðnum kynntur fyrir nemendum. Fjallað er um umgengni við efni, vélar, verkfæri og vinnustaðinn með áherslu á verkstæðishluta iðngreinarinnar. Lögð er áhersla á að nemandinn tileinki sér faglega náglun á þeim verkefnum sem unnin eru samhliða áfanganum. Kenndar eru samsetningar, lausnir og hugtök sem leggja grunninn að góðum vinnubrögðum við almenna trésmíði. Einnig vinna nemendur verkefni tengd áfanganum með það fyrir augum að auka áhuga þeirra og kynna þeim mikilvægi þekkingar og fagmennsku í iðngreininni.

**Þekkingarvimið**

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- uppbyggingu og notkun helstu rafmagnshandverkfæra
- öryggisþáttum og viðhaldi rafmagnshandverkfæra og trésmíðavéla
- vinnuaðstöðu og vinnuumhverfi
- algengasta smíavið og smíðafestingum
- undirstöðuatriðum við skipulagningu og verkferla í byggingariðnaði
- reglugerðarákvæðum varðandi vinnuumhverfi
- helstu fagheitum í tréiðnaði
- grunnatriðum við gerð efnis- og aðgerðalista
- helstu mælitækjum og aðferðum
- helstu eiginleikum viðar og þurrkun timburs
- einstökum samsetningum og notkunarsviðum þeirra
- mismunandi tegundum verkæra, véla og efna
- algengustu gerðum og notkunarsviðum helstu límtegunda í tréiðnaði
- nöglum og skrúfum og notkun þeirra í trésmíði
- efni og yfirborðsmeðhöndlun festinga
- grunnatriðum í yfirborðsmeðferð smíðaviðar og plötuefnis
- öryggisreglum og öryggisráðstöfunum við yfirborðsmeðferð
- uppbyggingu og notkun algengustu trésmíðavéla

## Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota helstu trésamsetningar við einfalda trésmíði
- beita faglegri nálgun við úrvinnslu verkefna
- nota rétta staðsetningu og líkamsbeitingu við vélavinnu
- velja snúnings- og mötunarhraða fyrir trésmíðavélar

## Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- umgangast og nota rafmagnshandverkfæri og önnur handverkfæri
- aðlaga sig að mismunandi vinnuumhverfi
- beita öryggisreglum og nota öryggisbúnað sem notaður er við véltrésmíði
- velja efni og verkæfri eftir eðli verkefnis

## Námsefni:

Vinnuleyfi á trésmíðavélar eftir Skjöld Björnsson. Efni og teikningar frá kennara, ljósrit og efni af internetir.

## Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni – viðfangsefni	Próf- verkefni
1 – 2	7 til 10 jan.	Upphaf kynning. Bók Skjaldar kynnt og farið yfir væntanleg verkefni.	
3 – 4	11 til 24 jan		
5 – 6	25 til 07 feb.		
7 – 8	08 til 21 feb.		
9 –10	22 til 06. mars		
11 –12	8 til 20 mars	Páskafrí 28 mars til 06. Apríl	

13 -14	22 til 3. Aprl.		
15 -16	05 til 17 apríl		
17-18	19 til 07 maí		

Við komum til með að skipta hópnum upp við vélafræðsluna og fræðslu um rafmagnshandverkfæri samanber bók Skjaldar. Aðal smíðaverkefni vetrarins er smíði á tveim búkkum, þar sem við förum yfir efnistöku, vélavinnslu, samsetningu og yfirborðsmeðhöndlun. Ef við höfum nægan tíma erum við með tröppu sem væri gaman að fást við líka.

#### Námsmat:

Krafa er gerð um góða mætingu, samvinnu og virka þátttöku í umræðum í áfanganum. Leið og nemandi fer að tjá sig og taka þátt í umræðum um námið og það sem verið er að kenna hverju sinni eru líkur á að nemandinn skilji það sem við erum að fjalla um hverju sinni og bæti þannig stöðugt á þekkingu sína á námsefninu.

Almennt gilda skólareglur Fsu um námið eins og varaðndi mætingar og notkun á sínum í tímum.

#### Fyrirkomulag námsmats:

<b>Þátttaka í tímum, rökræða í tímum</b>	<b>15%</b>
<b>Þátttaka og vinna samanber bók Skjaldar</b>	<b>30%</b>
<b>Smíði á tveim búkkum</b>	<b>30%</b>
<b>Smíði á tröppu</b>	<b>25%</b>

**Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.**